



17. ALPJÓÐLEGA FORNSAGNAÞINGIÐ
REYKJAVÍK OG REYKHOLTI
12.-17. ÁGÚST 2018
■
FORNSAGNAÞING2018.HI.IS

Reykjavík, í febrúar 2018.

ÞRIÐJA UMBURÐARBRÉF

Kæru vinir og kollegar,

Dagskrá Sautjándra alþjóðlega fornsagnaþingsins liggur nú fyrir (með hefðbundnum fyrirvara um breytingar) og hana má sjá á vefsíðu ráðstefnunnar:

<http://sagaconference2018.hi.is/dagskra/>

Yfirskrift þingsins er **Íslendinga sögur** en þess verður einnig minnst að um þessar mundir eru 900 ár frá upphafi lagaritunar á Íslandi. Heiðursfyrirlestrarnir þrír endurspeglar þessar áherslur, hver með sínum hætti: Carol Clover flytur erindið „Proving facts in *Njáls saga*“, Lena Rohrbach fjallar um „Canon and Archive. Icelandic Legal Manuscripts, Premodern Textuality and Concepts of the Law“ en erindi Andrews Wawn ber heitið „*Njála* in Svarfaðardalur, c. 1775“.

Á þinginu verður flutt 241 erindi í hefðbundnum málstofum en að auki kynna níu fræðimenn rannsóknir sínar á veggspjöldum og haldnar verða fimm sérstakar málstofur með umræðusniði. Að minnsta kosti fimm tungumál munu hljóma í málstofum þingsins.

Skráning

Skráning er hafin á vegum ráðstefnuþjónustunnar CP Reykjavík. Tengil inn á skráningargáttina er að finna á vefsíðu ráðstefnunnar undir flípanum Skráning. Vinsamlegast athugið að skráningargjaldið **hækkar þann 1. júní**.

Gisting

Ráðstefnuþjónustan CP Reykjavík hefur tekið frá allmörg hótélherbergi í Reykjavík á ráðstefnutímanum, sjá yfirlit á vefsíðu ráðstefnunnar. Þau má bóka í gegnum skráningargáttina en allar frekari upplýsingar um hótélgistingu veitir Ingibjörg Hjálmfríðardóttir (imma@cpreykjavik.is). Af öðrum gistimöguleikum í Reykjavík má nefna farfuglaheimili (sjá www.hostel.is) og airbnb-gistingu, auk tjaldstæðisins í Laugardal (sjá www.tjalda.is).

Afþreying

Upplýsingar um skoðunarferðir má sjá á vefsíðu ráðstefnunnar undir flípanum Afþreying en skráning í þær fer fram í gegnum skráningargáttina. Auk dagsferða fimmtudaginn 16. ágúst er boðið upp á tveggja daga ferð norður í land eftir ráðstefnuna. **Athugið að sú ferð verður einungis farin ef næg þátttaka fæst.** Á vefsíðuna munu einnig koma upplýsingar um móttökur og aðra viðburði sem ráðstefnunni tengjast. Þar má nefna sýningu í tilefni af 100 ára fullveldisafmæli Íslands í Listasafni Íslands, þar sem gestum gefst m.a. kostur á að sjá nokkur merk handrit, og kvölddagskrá í Norræna húsinu um myndasögur byggðar á norrænum arfi.

Bókasýning

Útgefendum og höfundum gefst kostur á að kynna bækur á sviði norrænna fræða á ráðstefnunni. Þau sem vilja nýta sér það tækifæri eru beðin að hafa samband við Helgu Gunní Þorvaldsdóttur (helga@cpreykjavik.is)

Ráðstefnugestir gætu einnig haft áhuga á þessum námskeiðum í aðdraganda þingsins:

Vefnámskeið um Íslendingasögur

Þann 1. mars 2018 fer í loftið vefnámskeið um Íslendingasögur á vefsíðunni [edx.org](http://www.edx.org). Meginmarkmið námskeiðsins er að gefa gott heildaryfirlit yfir bókmenntagreinina en þrjár sögur verða þó í sérstöku hlutverki: *Njáls saga*, *Eyrbyggja saga* og *Grettis saga*. Þessar sögur verða skoðaðar frá ýmsum sjónarhornum. Í námskeiðinu er m.a. að finna viðtöl við fimmtán fræðimenn á sviði norrænna fræða. Námskeiðið skiptist í sex hluta þar sem tiltekið þema er í brennidepli hverju sinni. Hægt er að skrá sig í námskeiðið hér:

<https://www.edx.org/course/medieval-icelandic-sagas-uicelandx-uoi001x>

Sumarskóli í handritafræðum

Alþjóðlegur sumarskóli í handritafræðum verður í Reykjavík á undan fornsagnaþinginu, dagana 1.–10. ágúst. Hann er haldinn á vegum Árnastofnananna í Reykjavík og Kaupmannahöfn í samvinnu við Háskóla Íslands og Landsbókasafn Íslands–Háskólabókasafn. Frestur til að sækja um þátttöku er til 1. apríl og nánari upplýsingar um skólann má nálgast á vefsíðu Árnastofnunar: http://www.arnastofnun.is/page/handritaskoli_en

Þetta umburðarbréf er sent til allra þeirra sem hyggjast halda erindi á ráðstefnunni, kynna veggspjald eða taka þátt í sérstökum málstofum. Vinsamlegast dreifið því til kollega ykkar og annarra sem kynnu að hafa áhuga á að sækja þingið. Fjórða og síðasta umburðarbréf verður sent út í júní.

Með bestu kveðju og fyrir hönd undirbúningshópsins,

GÍSLI SIGURÐSSON

GUÐRÚN NORDAL

HARALDUR BERNHARÐSSON

SIF RÍKHARÐSDÓTTIR

SVANHILDUR ÓSKARSDÓTTIR